

Takið upp, klippið og deilið með Norðurlöndunum

HÓPVERKEFNI

Nú hefst sjálf framleiðslan þar sem þið takið upp myndina á staðnum sem þið hafið valið. Síðan klippið þið atriðin saman og deilið fullbúinni mynd á vefsíðu Norden i Skolen.

UPPTAKA

- Notið söguborðið ykkar sem áætlun fyrir upptökurnar (en ef þið fáið nýjar hugmyndir á staðnum getið þið líka notað þær).
- Takið upp í láréttu formi með snjallsíma eða spjaldtölvu.
- Ákveðið hvort þið ætlið að nota raunverulegt hljóð á staðnum eða bæta hljóði við á eftir.
- Rétt eins og það er mikilvægt að taka góðar myndir er líka mikilvægt að taka upp gott hljóð.

KLIPPING

- Klippið myndina í WeVideo, iMovie, CapCut eða öðru forriti sem þið kunnið á. Ef þið viljið hafa tónlist í myndinni ykkar verðið þið að finna tónlist í forritinu sem ekki er höfundarréttarvarin.
- Hugið að samhenginu (upphaf, miðja og endir) og hraða og takt í klippingunni: Er þetta róleg, athugul heimildarmynd eða hröð mynd sem reynir að koma ákveðnum skoðunum á framfæri?
- Ókeypis hljóðbrellur er einnig að finna í klippiforritunum og þið getið bætt við texta, litum og talsetningu. En það er líka í lagi að nota aðeins upprunalega hljóðið úr upptökunum.
- Gefið ykkur góðan tíma til að stilla hljóðstyrkinn svo myndin hljómi jafn vel og hún lítur út.

DEILIÐ



Þegar þið eruð búin að klippa myndina eigið þið að hlaða henni upp á Norden i Skolen. Byrjið á því að skrá ykkur inn á nordeniskolen.org/is/nordurloendingin-kalla með nemendaaðgangi sem þið fáið hjá kennara ykkar. Smellið síðan á hnappinn undir skrefi 4.

1. Hlaðið upp tveimur skrám: myndinni ykkar (MP4 eða MOV) og skjáskoti úr myndinni, t.d. mynd sem hægt væri að nota á kvikmyndaplatat.
2. Fyllið út eyðublaðið og bætið við stuttri lýsingu á söguþræði myndarinnar. Hér getið þið byggt á efninu á söguborðinu ykkar.
3. Samþykkið skilmálana og sendið inn framlag ykkar. Það getur tekið smá tíma að hlaða skránni upp.

Þegar þið hafið hlaðið upp framlagi ykkar fær kennarinn ykkar tölvupóst með hlekk. Kennarinn þarf að samþykkja framlagið. Þegar búið er að samþykkja birtist framlagið á vefsíðunni. Ef þið viljið breyta einhverju í kjölfarið þarf kennarinn ykkar að fara yfir og samþykkja það aftur.

SKANNIÐ QR-KÓÐANN OG HLAÐIÐ UPP MYNDINNI YKKAR

